

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. október 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík.

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag Söngskólans og sjóðurinn Styrktarsjóður Söngskólans. Hvortveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita skólanum árlegan stuðning með fjárframlögum mynda félagsskap til eflingar starfsemi skólans, er heitir Styrktarfélag Söngskólans.

3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð er nefnist Styrktarsjóður Söngskólans. Sjóðurinn er eign skólans. Stjórn skólans skal hafa stjórn sjóðsins með höndum, og ráðstafa sjóðnum eftir þörfum skólans hverju sinni og í hans þágu. Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, bankavaxtabréfum eða fasteignum.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum skólans og vera háðir sömu ákvæðum og þeir um reikningshald og endurskoðun.

5. gr.

Félagar í Styrktarfélagi Söngskólans eru þeir, sem með árlegum framlögum, ákvæðnum á aðalfundi félagsins ár hvert, leggja fram fé til Styrktarsjóðs Söngskólans. Félag eða stofnun, sem styrkir skólann með slíkum fjárframlögum telst einn meðlimur í Styrktarfélaginu og hefur rétt til eins fulltrúa á fundum þess. Ef fulltrúi frá stofnun eða félagssamtökum er einnig persónulegur styrktarfélagi, hefur hann þó aldrei nema eitt atkvæði á fundum þess. Umsókn um þátttöku í Styrktarfélagi Söngskólans skal senda stjórn Styrktarfélagsins mánuði fyrir aðalfund þess.

6. gr.

Stjórn Styrktarfélags Söngskólans skal kosin á aðalfundi félagsins, sbr. 10. gr. Skipulagsskrár Söngskólans í Reykjavík, og er hún jafnframt stjórn Söngskólans.

7. gr.

Aðalfundur Styrktarfélags Söngskólans skal haldinn fyrir lok september ár hvert, og skulu þar afgreidd eftirfarandi málefni:

- a) Greinargerð skólastjóra Söngskólans um rekstur skólans á liðnu ári.
- b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar skólans og Styrktarsjóðs Söngskólans, fyrir síðasta reikningsár og samþykktir.
- c) Ákveðin upphæð árgjalds til Styrktarsjóðs Söngskólans fyrir næsta ár.
- d) Kosin stjórn Söngskólans í Reykjavík skv. skipulagsskrá fyrir skólann, 10. gr., en sú stjórn er jafnframt stjórn Styrktarsjóðs Söngskólans og Styrktarfélags

Söngskólans. Þá skulu og kosnir endurskoðendur samkv. fyrrgreindri skipulagsskrá skólans.

Aðalfundur skal boðaður bréflega með viku fyrirvara. Aðrir fundir Styrktarfélagssins skulu boðaðir með 3ja daga fyrirvara bréflega, eða með auglýsingu.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. október 1978.

Nr. 395.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 26. október 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Söngskólann í Reykjavík.

1. gr.

Skólinn var stofnaður af Garðari Cortes, sem rekið hefur skólann á eigin ábyrgð s. l. 5 ár. Styrktarfélag Söngskólans í Reykjavík tekur hér með við rekstri skólans, er starfa mun samkv. sérstakri skipulagsskrá frá og með 1. okt. 1978. Verður gerður sérsamningur um þær eignir Söngskólans, sem sjálfseignarstofnunin (sjá 2. gr.) yfirtekur.

2. gr.

Skólinn verður hér með sjálfseignarstofnun og heitir Söngskólinn í Reykjavík, með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna tónmennt í landinu, en leggja sérstaklega áherslu á að mennta söngvara, bæði sem flytjendur og kennara. Nám og próftilhögun er skilgreind í námsskrá skólans.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa samkv. 1. gr. laga nr. 22/1975.

6. gr.

Skólinn starfar frá 1. okt.—30. maí a. m. k. ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í framhaldsskólum landsins.

7. gr.

Til að hljóta skólavist er nemandi skylt að þreyta inntökupróf og dæmir sérstök prófnefnd um hæfni umsækjanda. Prófnefnd skal skipuð af skólastjóra.

8. gr.

Nemendum skólans er skylt að taka þátt í tónleikum skólans eftir fyrirmælum skólastjóra. Að öðru leyti er nemendum óheimilt að koma fram opinberlega án leyfis skólastjóra.